

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar, nr. 696/2013, með síðari breytingum.

1. gr.

63. gr. samþykktarinnar, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Nefndir og stjórnir.

Eftirtaldar nefndir og stjórnir sem kjörnar eru af bæjarstjórn heyra undir stjórnsýslu velferðar- og mannréttindaráðs:

Öldungaráð.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks.

Umdæmisráð barnaverndar. Bæjarstjórn skipar í umdæmisráð barnaverndar skv. 14. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

2. gr.

Á undan gildistökuákvæði samþykktarinnar í X. kafla bætist við ný grein, ásamt fyrirsögn, sem orðast svo:

Viðauki um fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu.

Samþykkt þessari fylgir viðauki um fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu, sbr. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki, viðauki I, um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Akraneskaupstaðar, sem birtur er með samþykkt þessari.

4. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akraness hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 30. desember 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.

VIÐAUKI I

um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Akraneskaupstaðar samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

1. gr.

Eftirtaldir starfsmenn sem taldir eru upp í 1.-2. tl. 2. mgr. 1. gr. viðauka þessa fara með vald til fullnaðarafgreiðslu allra ákvarðana á grundvelli barnaverndarlaga, nr. 80/2002 sem ekki hafa verið falin öðrum þ.m.t. umdæmisráði, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum, sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Eftirtaldir starfsmenn fara með vald til fullnaðarafgreiðslu:

1. Félagsmálastjóri sem er forstöðumaður félagsþjónustu á hverjum tíma.
2. Yfirfélagsráðgjafi sem er framkvæmdarstjóri barnaverndar á hverjum tíma.

2. gr.

Velferðar- og mannréttindaráði er falin yfirstjórn barnaverndarþjónustunnar skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3. gr.

Endurupptaka mála.

Eftir að starfsmenn barnaverndarþjónustu sbr. 1.-2. tl. 2. mgr. 1. gr. viðauka þessa hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt aðila, á aðili máls rétt á því að málið sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur verið byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggt á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er að jafnaði heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til starfsmanna barnaverndarþjónustu sbr. 1.-2. tl. 2. mgr. 1. gr. viðauka þessa og skal sá starfsmaður sem ekki tók ákvörðunina fjalla um kröfuna.

4. gr.

Birting ákvörðunar.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.